

Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús mettar
fimm þúsund



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest
Alastair Paterson

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2020 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Faríseum var tamt að ljúga uppá
Jesú, og sumir þeirra reyndu að
drepa hann.



Þeir trúðu ekki að hann væri
raunverulega sonur Guðs, ...



... þrátt fyrir öll kraftaverk hans,
sem sönnuðu að hann væri sonur
Guðs.



Dag einn fór Jesús yfir um Galíleuvatn. Kannski hann hafi viljað komast í burtu frá mannfjöldanum sem fylgdi honum hvert sem hann fór.




En fyrr en varði, fundu þeir hann á
afskekktum stað. Fólkið sóttist
eftir návist hans og
kraftaverkum.




Jesús fór uppá fjall þar sem hann settist niður að kenna lærisveinum sínum, og fólksfjöldinn fór vaxandi.



Farið var að líða á kvöldið, og flestir sennilega hungraðir.




Jesú var litið á mannfjöldann og sagði við Filippus, "Hvar fáum við brauð til að fæða allt þetta fólk?" Engar búðir voru nálægar.



Hvað skyldi Jesús hafa haft í huga?



"Það mundi kosta voða mikið að fæða allt þetta fólk". Svaraði Filippus, vitandi þess að þeir höfðu takmarkaða peninga.







Þá sagði
Andrés, einn af
lærisveinunum og
bróðir Símonar
Péturs, "Það er
drengur hér með
fimm byggbrauð
og tvo fiska..."



"... en hvað er það, handa svo mörgum?" Andrés gerði sér ljóst, þó svo að drengurinn gæfi mat sinn allan, að það yrði aðeins sem dropi í hafið handa öllu þessu fólki.



Jesús sagði, "Látið fólkið setjast niður" Og fimm þúsund menn, ásamt konum og börnum sem ekki voru meðtalin, settust niður á grasið.



Því næst tók Jesús
brauðin og fiskana,
nesti drengsins, ...



... sem hann hafði greinilega gefið
Jesú án þess að hafa
hugmynd um hvað
stóð til, eða hvað
Jesús
ætlaðist
fyrir
með
nestið
hans.



Þá fór Jesús með
bæn. Hann
þakkaði Guði
fyrir brauðin
fimm og fiskana
tvo, og bað
hann að
blessa
matinn.




Að lokinni bæen, tók
Jesús brauðin fimm
og fiskana tvo, gaf
lærisveinunum til
að skipta með
mannfjöldanum,
og gátu allir fengið
svo mikið sem
þeir vildu.




Samt var mikill
afgangur. Þvílíkt
kraftaverk!




Eftir að allir voru búnir að borða
nægju sína, var enn mikið af
brauði og fiski eftir.



Jesús sagði þá við lærisveina sína,
Safnið saman leifunum svo ekkert
spillist." Þeir söfnuðu síðan leifunum
saman og fylltu tólf körfur.



Pennan dag mettaði Jesús yfir fimm þúsund manns með nesti lítils drengs. Í annan tíma mettaði hann fjögur þúsund manns með sjö brauðum og fáeinum fiskum.



Þegar menn sáu táknið sem
Jesús gerði urðu þeir
ekki reyðir eins
og Farísearnir.



Þess í stað sögðu þeir, " Þessi maður
er sannarlega spámaðurinn
sem koma skal í heiminn."

Þeir vissu að

Jesús var

frelsarinn

sem

boðaður

var í

heilagri
ritningu.



Jesús mettar fimm þúsund

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 6

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

